

Mánudaginn 25. nóvembermánaðar.
Nr. 16/1901.

Halldór Bjarnarson
gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St.
Guðmundssyni, Jóni Guðmunds-
syni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur
og Jakobínu Jónsdóttur.

Úrskurður:

Umboðsmaður hinna stefndu hefir krafist frá-
vísunar máls þessa frá yfirdóminum fyrir þá sök,
að þriggja mánaða frestur sá, er lögin ákveði
fyrir áfrýjun máls, er áður hafi hlotið frávísunar-
dóm yfirréttarins, hafi verið fyrir löngum tíma út-
runninn, þá er áfrýjunarstefnan var útgefið 1. apríl
þ. á. En þessi tilvitnun umboðsmannsins til kon-
ungsbréfs 19. desbr. 1749 getur eigi leitt til frá-
vísunar málsins, með því að dómurinn, sem áfrýj-
að er, eftir skýrslu umboðsmanns áfrýjandans, sem
stýðst við vottorð stefnuvotta þar að lútandi, aldrei
virðist hafa verið birtur áfrýjandanum og hinn al-
menni áfrýjunarfrestur þannig eigi hefir verið út-
runninn þegar áfrýjunarstefnan í máli þessu var
útgefið 1. apríl þ. á. Umboðsmaður hinna stefndu
hefir að visu athugað það í þessu tilliti, að dóms-
birtingin hafi *getað* farið löglega fram, án þess að
stefnuvottar framkvæmdu hana eða vissu um hana,
en hann hefir eigi fullyrt, að svo hafi verið, og
því síður lagt fram neina sönnun fyrir slíkri birt-
ingu dómsins.

Þá hefir umboðsmaður hinna stefndu í öðru lagi haldið því fram, að undir vottorð stefnuvotta um birting áfrýjunarstefnunnar vanti innsigli þeirra, og sé því vottorðið ógilt, og bresti þannig sönnun fyrir löglegri birtingu stefnunnar. En þar sem stefndu hafa látið mæta í málinu af sinni hálfu, verður eigi þessi vöntun innsigla undir birtingarvottorðið látin varða frávisun málsins.

Samkvæmt framansögðu verður krafa umboðsmanns hinna stefndu um frávisun málsins eigi tekin til greina, en hins vegar ber, samkvæmt varakröfu hans, að veita honum hæfilegan frest til andsvara um aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa umboðsmanns hinna stefndu verður eigi tekin til greina, en honum ber að veita hæfilegan frest til andsvara um aðalefni málsins.

Nr. 1/1901.

Sýslumaður Magnús Torfason
 gegn
 amtmani Páli Briem.

Dómur:

Vorið 1892 tók stefndi Páll amtmaður Briem, er þá var sýslumaður í Rangárvallasýslu, við ábúð á Árbæ í Holtum og samdist þá 17. maí 1892 svo milli hans og eiganda jarðarinnar, ekkjunnar Helgu Sigurðardóttur, að hann tók til sín nokkur